

- Svara þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir húsfélagið. Hafi það ekki verið gert áður. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr.64/2006. Könnunina er hægt að nálgast í Þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi bankans.
 - ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á húsfund.
 - ✓ Áður en AML er samþykkt á húsfélagið þurfa allir stjórnarmenn húsfélagsins, gjaldkerar og umboðshafar að vera búnir að skanna löggild skilríki, ökuskírteini eða vegabréf. Hægt er að fá nánari upplýsingar í Þjónustuveri Arion banka.

- Skila þarf inn afriti af fundargerð húsfundar þar sem fram kemur hverjir eru í stjórn húsfélagsins. Fundargerðin þarf að vera dagsett og undirrituð af fundarritara og að minnsta kosti einum stjórnarmanni.
 - ✓ Skila inn eyðublaðinu „Umboð til gjaldkera húsfélags og tilkynning um stjórnarkjör húsfélags“. Gott að fara með þetta eyðublað á húsfund þar sem stjórn húsfélagsins þarf að skrifa undir umboð til gjaldkera og þeir eigendur, sem voru á löglega boðuðum aðalfundi húsfélagsins, þurfa að staðfesta kjör stjórnarinnar með undirritun sinni á tilkynninguna um stjórnarkjör.
 - ✓ Á sama eyðublaði kemur fram hver hættir sem gjaldkeri, fylla inn nafn, kt og notandanafn á eyðublaðið.

- Ef húsfélagið er ekki með netbanka eða þarf að skipta um notanda í netbanka þarf að skila inn eyðublaðinu „Samningur um aðgang að netbanka fyrir lögaðila“. Meirihluti stjórnar þarf að undirrita sem og tveir vottar. Þetta eyðublað er gott að taka með á félagsfund til að fá undirskriftir.

- Eyðublöð vegna Húsfélagþjónustu er hægt að nálgast á [heimasíðu Arion banka](#)